

Skólanámskrá

2025 – 2026



II. hluti

Nám og kennsla

4. bekkur

Umsjónarkennarar
Fanney María Sigurðardóttir
Sædís Gunnarsdóttir

Efnisyfirlit

Bakgrunnsupplýsingar	3
Samþætting námsgreina	3
Byrjendalæsi	3
PALS	4
Námsmat	4
Matsferill	5
Virðing, öryggi og jafnrétti – fræðsla og forvarnir	5
Íslenska	6
Stærðfræði	7
Náttúrugreinar	8
Samfélagsgreinar	8
Enska	9
Lykilhæfni	10
Heimilisfræði	11
Hönnun og smíði	11
Sjónlistir	12
Textílmennt	12
Tónmennt	13
Skólaíþróttir	14
Upplýsinga- og tæknimennt	15
Fjölval	15

Bakgrunnsupplýsingar

Í 4. bekk eru 30 nemendur, 11 drengir og 19 stúlkur. Alls fá nemendur 30 kennslustundir á viku. Umsjónarkennarar eru Fanney María Sigurðardóttir og Sædís Gunnarsdóttir. Stuðningsfulltrúar eru Auður Arna Guðfinnsdóttir og Kristín Helga Svavarsdóttir. Berglind Daðadóttir sér um sérkennslu.

Aðrir kennarar:

- Íþróttir – Freyr Brynjarsson
- Sund – Freyr Brynjarsson
- Heimilisfræði - Halldóra Ólöf Sigurðardóttir
- Textílmennt – Berglind Harpa Bryngeirsdóttir
- Smíði – Arnar Ingólfsson
- Myndlist – Sigrún Birta Eckard
- Tónmennt – Valur Ingólfsson
- Upplýsinga- og tæknimennt – Fanney María og Sædís
- Bókasafn - Kolbrún Alexandersdóttir

Viðmiðunarstundaskrá

Íslenska	8 tímar
Stærðfræði	6 tímar
Samfélags- og náttúrugreinar	2 tímar
Enska	2 tímar
Fjölval	2 tímar
Smíðjur	4 tímar
Sund	1 tími
Íþróttir	2 tímar
Tónmennt	1 tími
Útikennsla	2 tímar
Samtals: 30 tímar á viku	

Samþætting námsgreina

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla á nám að vera sem heildstæðast. Til þess að því verði við komið er farsælt að nýta samþættingu námsgreina. Stuðst er við kennsluaðferðir Byrjendalæsis sem miða að því að samþætta sem flestar námsgreinar. Bók eða viðfangsefni sem ætlað er einni námsgrein getur verið notuð þvert á allar greinar og aðlöguð að hverju hæfniviðmiði fyrir sig. Námsgreinarnar fléttast saman á margvíslegan hátt.

Byrjendalæsi

Byrjendalæsi er samvirk kennsluaðferð þar sem jöfnum höndum er unnið með merkingu máls og tæknilega þætti lestrarnáms. Byggt er á kenningum lestrarfræða um áhrifarík og vönduð vinnubrögð. Kennslan felur í sér að samþætta nálgun sem nær til allra þátta móðurmálsins. Því er vinna með tal, hlustun, lestur og ritun felld saman í eina heild í byrjendalæsi. Enn fremur eru sértækir þættir móðurmálsins, svo sem hljóðvitund, réttiritun, orðaforði, setningabygging, málfræði og skrift tengdir inn í ferlið. Meginmarkmið Byrjendalæsis er að börn nái góðum árangri í læsi sem fyrst á skólagöngu sinni. Byrjendalæsi gerir ráð fyrir því að hægt sé að kenna börnum sem hafa ólíka færni í lestri hlið við hlið, því er lögð áhersla á hópvinnu um leið og einstaklingsþörfum er mætt. Notaður er merkingarbær

texti og verður móðurmálsnám heildstætt að því leyti að öll vinna tengd lestri og ritun fellur undir vinnubrögð Byrjendalæsis.

PALS

Lestrarkennsluaðferðin PALS (Peer-Assisted Learning Strategies) er gagnreynd kennsluaðferð sem hefur sýnt fram á marktæk áhrif á lesfimi og lesskilning nemenda. Aðferðin byggir á skipulögðu samstarfi í pörum þar sem nemendur æfa hljóðkerfisvitund, nákvæmni, hraða og flæði í lestri með skýrum verkþrepum og endurgjöf. Aðferðin er notuð í sérstökum lesfimitímum sem eru skráðir í stundatöflu þar sem kennarar leiða markvissa æfingu, fylgjast með framförum og stuðla að jákvæðu námsumhverfi. Með reglubundinni notkun PALS nýtast styrkleikar jafningja til að efla sjálfstraust og sjálfstæða vinnu samhliða því að bæta tæknilega færni í lestri.

Námsmat

Námsmat fer fram með símati yfir skólaárið sem tekur mið af hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla í öllum greinum. Hæfniviðmið eru metin í gegn um verkefni og fær nemandi hæfnitákn fyrir hvert verkefni. Fleiri en eitt hæfniviðmið geta verið metin í hverju verkefni en hæfnitáknið sem nemandi fær fyrir lokið verkefni er heildarmat á öllum hæfniviðmiðum verkefnisins. Í hæfnikortið safnast svo hæfni sem er metin á hverju stigi, en nemandi byrjar með autt hæfnikort í 1., 5. og 8. bekk. Til þess að meta hvert hæfniviðmið er notast við hæfnitákn sem má sjá hér til hliðar.

- **Framúrskarandi** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu umfram þá hæfni sem viðmiðið setur.
- **Mjög góð hæfni** ef nemandi hefur náð mjög góðum tókum á hæfniviðmiði
- **Hæfni náð** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði
- **Á góðri leið** ef nemandi þarf bara ögn meiri vinnu með hæfniviðmiðið til þess að ná því.
- **Þarfnast þjálfunar** ef nemandi þarfnast frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði sem unnið hefur verið með.
- **Hæfni ekki náð** ef nemandi vann með ákveðið hæfniviðmið en náði ekki tókum á því.
- **Ólokið** ef nemandi tók ekki þátt í eða náði ekki að ljúka við verkefni sökum t.d. fjarveru.



Við lok 4. bekkjar eru allar námsgreinar metnar og nemandi fær útprentaðan vitnisburð með bókstaf í hverri námsgrein sem lýsir hæfni nemandans.

A	Mikill meirihluti hæfniviðmiða framúrskarandi, blá og örfá hæfni náð, græn.
B+	Meirihluti hæfniviðmiða framúrskarandi, blá, nokkur hæfni náð, græn og mjög fá á góðri leið, fjólublá.
B	Meirihluti hæfniviðmiða hæfni náð, græn, rými fyrir framúrskarandi, blá og á góðri leið, fjólublá, jafnvel eitt og eitt þarfnast þjálfunar, gult.
C+	Hæfni á góðri leið, fjólublá er ríkjandi. Merkingar fjölbreyttar hjá nemandanum (grænt og blátt sést) og þarfnast þjálfunar, gult sést oft.
C	Meirihluti hæfniviðmiða á góðri leið, fjólublátt. Fá eða engin hæfni græn eða blá og þarfnast þjálfunar sést einnig víða.
D	Meirihluti hæfniviðmiða rauð, hæfni ekki náð. Mjög fáir nemendur eru hér. Alltaf þarf að skrifa skýringu með þessum bókstaf.

Matsferill

Matsferill er safn matstækja sem dregur upp heildstæða mynd af námslegri stöðu og framförum nemenda, reglulega yfir skólagönguna. Hlutverk Matsferils er tvíþætt. Annars vegar að fylgjast með framvindu hvers barns og tryggja að það fái viðeigandi kennslu og stuðning og hins vegar að afla upplýsinga um stöðu skólakerfisins í heild. Frá og með skólaárinu 2025–2026 verða stöðu- og framvindupróf í lesskilning og stærðfræði hluti af Matsferli og skyldubundin í 4., 6. og 9. bekk.

Í Akurskóla munum við nýta próf Matsferils fyrir alla árganga frá 4. til 10. bekk þrátt fyrir að þau séu aðeins skyldubundin í þremur árgöngum. Þannig fá nemendur tækifæri til að taka þátt í námsmati sem veitir innsýn í stöðu þeirra og framfarir og kennarar fá dýrmæt gögn til að styðja við kennslu og íhlutun.

Matsferill styður við hringrás mats og kennslu þar sem niðurstöður eru nýttar til að greina styrkleika og áskoranir, skipuleggja kennslu og veita viðeigandi stuðning. Niðurstöður eru skráðar í Frigg-gagnagrunninn og nýtast til að tengja námsmat við aðrar upplýsingar um farsæld og velferð nemenda.

Virðing, öryggi og jafnrétti – fræðsla og forvarnir

Forvarnir og fræðsla gegn kynbundnu og kynferðislegu áreiti og ofbeldi fer fram í öllum árgöngum og er stuðst við skýrslu UNESCO ásamt þingsályktun um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni. Unnið er með ákveðnar áherslur hverju aldursári og farið meira á dýptina eftir því sem nemendur eldast.

Áherslur 4. bekkjar eru fjölskyldur, vinátta, samskipti, synjun og samningafærni, kyn og æxlunarfæri, örugg notkun upplýsinga og venjur og áhrif jafningja.

Íslenska

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 4. bekk

Bókmenntagreining - beitt einföldum bókmenntahugtökum í umfjöllun um bókmenntir.

Lestraraðferðir - þekkt og beitt einföldum aðferðum við lestur og tilgreint dæmi um ólíkan tilgang lestrar.

Bókmenntaarfurinn - lesið einfalda texta frá fyrri tímum og sett sig í spor persóna og lesenda í fortíðinni.

Stafsetning og greinarmerkjasetning - beitt einföldum stafsetningarreglum og einföldum reglum við greinarmerkjasetningu.

Orðtök og málshættir - leikið sér með margræðni tungumálsins svo sem í gegnum orðtök, einfalda málshætti og fóst orðasambönd.

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Einkenni málsins - þekkt og rætt ýmis einkenni málsins.

Nýting miðla - nýtt sér og endursagt efni á stafrænu formi.

Lestur og túlkun bókmennta - unnið með ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum.

Orðflokkar - áttað sig á mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða.

Skrift og frágangur - dregið rétt til stafs, skrifað skýrt og læsilega og á lykklaborð.

Hlustun og áhorf - hlustað og horft af athygli á valið efni og greint frá upplifun sinni.

Tjáning í texta - sett fram eigin hugmynd í texta, metið og lagfært með eða án hjálpargagna.

Tjáning - sagt frá atburði eða fyrirbæri, tjáð sig frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu.

Gögn og hjálpartæki - raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag.

Lesfimi - beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa svo lestur flæði vel og merking texta komist til skila.

Lesskilningur - skilið augljós efnisatriði valinna texta, greint og lagt mat á inntak þeirra og dregið einfaldar ályktanir.

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla skiptast hæfniviðmið í íslensku í fimm þætti: talað mál, hlustun og áhorf, lestur, bókmenntir, ritun og mál og málnotkun. Þó hæfniviðmiðin séu flokkuð á þennan hátt er mikilvægt að líta á þau sem samfellda heild. Unnið er með hvert viðmið fyrir sig en einnig eru þau samþætt í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni.

Kennslufni og gögn

Fjölbreytt lesefni við hæfi. Fjölbreyttur texti til að þjálfa hraða og lesskilning og verkefni tengd þeim. Komdu og skoðaðu himingeiminn. Lesrún, lesskilningsbók.

Til grundvallar skriftarkennslunni verða bækurnar Skrift 3-5. Unnið er með fjölbreytt ritunarverkefni, uppbyggingu sögu eftir ákveðnum fyrirmælum og áhugasviðstengd verkefni.

Skinna 1 verkefnabók auk annarra verkefna frá kennara með áherslu á málfræði. Efling orðaforða og notkun orðasambanda er unnið með jafnt og þétt yfir skólaárið ásamt fjölbreyttum námsspilum.

Stuðst er við ýmiss lesskilningsverkefni af skolavefnum.is.

Námsmat

Notast er við símat sem byggir á reglulegum verkefnum og könnunum. Nemendur fara þrisvar yfir skólaárið í lesfimiþróf, í september, janúar og maí. Auk þess sem Aston Index stafsetningarkönnun er lögð fyrir í desember.

Frá og með skólaárinu 2025 – 2026 verða lögð fyrir ný samræmd stöðu- og framvindupróf í íslensku, stærðfræði og lesskilning. Prófin verða lögð fyrir alla nemendur í 4 – 9 bekk. Þessi próf eru hluti af stærri heild sem miðar að því að bæta námsmat og tryggja að kennsla taki mið af þörfum hvers og eins nemanda. Við munum upplýsa ykkur um framkvæmd og niðurstöður eftir því sem við á.

Notast er við leiðsagnarmat auk þess sem virkni er metin, skapandi vinnubrögð, frumkvæði og frágangur verkefna.

Eftirfarandi eru viðmið í raddlestri við lok 4. bekkjar

	90% viðmið	50% viðmið	25% viðmið
4.bekkur	80 orð á mínútu	120 orð á mínútu	145 orð á mínútu

Stærðfræði

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 4. bekk

Líkindatilaunir - gert einfaldar tilraunir með líkur og sett í samhengi við spil.	Þrautalausnir - nýtt aðferðir og leiðir til að leysa þrautir og rök- stutt svör sín.	Tvívið form - áætlað og mælt ummál og flatarmál með stöðluðum og óstöðluðum mælitækjum.	Hlutföll - unnið með einföld brot og hlutföll með flatarlíkani, á tainalínu og á brotastriki.
Mælingar - áætlað og mælt massa, lengd, rúmmál, tíma og hitastig með stöðluðum og óstöðluðum mælitækjum.	Hnitakerfi - notað rúðunet með höfuðáttum í rauntengdu samhengi, teiknað og staðsett punkta í hnitakerfi.	Reiknihugsun og forritun - búið til einföld reiknirit og tjáð þau með því að nota breytur, skilyrði og lykkjur.	Mælieiningar - valið viðeigandi mælieiningu fyrir lengd, massa og rúmmál og þekkt tengsl á milli algengra mælieininga metrakerfisins innbyrðis.

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Myndrit - lesið úr einföldum myndritum.	Tungumál - notað hugtök úr rúmfræði, til að lýsa hlutum í umhverfi sínu.	Kynningar - undirbúið og flutt stuttar kynningar á eigin vinnu með stærðfræði.	Röðun talna og talmengi - raðað náttúrulegum tölum og einföldum brotum eftir stærð.
Samræður og tjáning - tekið þátt í samræðum um stærðfræði, hugtök hennar og lausnaleyðir.	Sætiskerfi - notað tugakerfisrithátt og sýnt skilning á sætiskerfi við ritun náttúrulegra talna.	Tími og klukkan - lesið og notað mismunandi framsetningu á tíma, notað skífu- og stafræna klukku og lesið tímatöflur.	Verkfæri - rannsakað, gert tilraunir og teikningar á einfaldan hátt, t.d. með því að nota rúmfræðiforrit og hlutbundin gögn.
Verkfæri og hlutbundin gögn - nýtt sér verkfæri og hlutbundin gögn sem þarf til að finna lausn á stærðfræðilegum viðfangsefnum.	Tölfræðikannanir - talið, flokkað og skráð, lesið og túlkað niðurstöður og sett upp í einföld myndrit, með og án stafræna hjálpartækja.	Fjármál - notað grunnreikni-aðgerðir til að finna lausnir á og takast á við verkefni daglegs lífs og fjármála og skilið verðgildi peninga.	

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla eru hæfniviðmið í stærðfræði sett upp í fimm flokkum. Þ.e. vinnulag stærðfræðinnar sem á að vera gegnumgangandi í öllu námi og kennslu í stærðfræði, tölur og reikningur, algebra, tölfræði og líkindi og rúmfræði og mælingar. Þó flokkað sé á þennan hátt mynda flokkarnir samfellda heild. Unnið er með hvert viðmið fyrir sig en einnig eru þau samþætt í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni.

Kennsluefni og gögn

Aðal kennsluefnið er Sproti 4a og 4b nemendabók og æfingahefti. Í undirdjúpunum margföldun og deiling, ýmsar þrautalausnir og önnur verkefni. Einnig verður notast við stærðfræðiforrit í tölvu og Ipad. Nemendur þjálfast í að nota hjálpargögn eins og brotabúta, námsspil, talnagrindur, vasareiknir og einingakubba.

Námsmat

Nemandinn er metinn jafnt og þétt yfir skólaárið út frá hæfniviðmiðum aðalnámskrár og í því efni sem lagt hefur verið inn.

Náttúrugreinar

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 4. bekk

Jörðin - gert grein fyrir ástæðum dægraskipta.	Massi - áttað sig á að efni hafa massa og stærð.	Sólkerfið - fjallað um helstu hnetti í sólkerfinu.	Leysni - rannsakað leysni algengra efna á heimilinu.
Lotukerfið - bent á algengustu frumefni og efnasambönd.	Tunglið - bent á hvernig tunglið tekur breytingum yfir mánuðinn.	Hringrásir efna og orku - nefnt dæmi um samspil lífvera og lífvana þátta.	Gagn og skaðsemi bylgna - framkvæmt og fjallað um athuganir á sýnilegum bylgjum.
Uppbygging efna - þekkt og flokkað algeng efni og lýst helstu eiginleikum þeirra.	Loftslagsbreytingar - fjallað um hvaða hlutverki lofthjúpurinn gegnir fyrir líf á jörðinni.	Alheimurinn - gert sér grein fyrir að flestar stjörnur á himninum eru sólar í öðrum sólkerfum.	

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Hugtök - notað einföld hugtök í náttúruvísindum við athuganir og í umræðu.	Miðlun - kynnt niðurstöður einfaldra athugana og tekið þátt í umræðu um efnið.	Upplifun af náttúrunni - sagt frá eigin upplifun af lífverum í náttúrulegu umhverfi.	Kynheilbrigði - tjáð sig á einfaldan hátt um einkastaði líkamans og borið virðingu fyrir þeim.
Athuganir - framkvæmt einfaldar athuganir og skráð mælingar á hversdagslegum hlutum samkvæmt leiðbeiningum.	Vísindaleg vinnubrögð - sett fram spurningar, leitað svara um náttúruleg fyrirbæri og útskýrt valið viðfangsefni.	Eðli vísindalegrar þekkingar - rætt hvort tiltekið atriði í samræðu eða texta sé staðreynd eða skoðun í tengslum við náttúruvísindi.	Tengsl vísinda, tækni og menningar - útskýrt hvernig ákveðin tæki og búnaður geta hjálpað mannum að afla upplýsinga og hafa áhrif á heiminn.
	Læsi á gögn og náttúruvísindatexta - lesið einfaldan náttúruvísindatexta og endursagt helstu atriði með eigin orðum, skoðað einfaldar myndir og sagt frá efninu.		

Samkvæmt aðalnámskrá skiptast hæfniviðmið fyrir náttúrugreinar í sex viðmið, þ.e. vinnulag náttúruvísinda sem á að vera gegnumgangandi í öllu námi og kennslu í námsgreininni, umhverfið, lífið, efnin, orkan og alheimurinn. Unnið er með þessi viðmið sem eina heild út skólaárið.

Kennslufni og gögn

Komdu og skoðaðu himingeiminn (bókin er samþætt með öðrum námsgreinum), netmiðlar og annað efni frá kennara. Halló heimur verkefnabók og lesbók á netinu.

Námsmat

Reglulega verður lagt mat á vinnu nemenda þ.e. frumkvæði, sköpun, tjáningu, hópavinnubrögð, vinnusemi, virkni og áhuga. Unnið er út frá hæfniviðmiðum aðalnámsskrá.

Samfélagsgreinar

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 4. bekk

Miðlun - miðlað þekkingu sinni og skoðunum tengdum samfélaginu.	Lýðræði - bent á dæmi um lýðræðislega þætti í skóla- og nærsamfélaginu.	Áhrif mannsins - bent á dæmi um áhrif tækni og framkvæmda á mannlíf og umhverfi.	Fjármál einstaklings - áttað sig á kostnaði við eigin neyslu og muninum á þörfum og löngunum.
Trú og lífsviðhorf - velt fyrir sér nærtækum spurningum sem tengjast trú, lífsviðhorfi og breyttni.	Skoðanamyndun - greint upplýsingar og ólíkar skoðanir úr völdum heimildum og myndað sér eigin skoðanir.	Gagnrýnar umræður - spurt spurninga og tekið þátt í umræðu um valin samfélagsleg og siðferðileg málefni.	

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Samfélög - nefnt dæmi um ólíkar aðstæður, menningu og líf fólks.	Hugtök - rætt um samfélagið og notað valin hugtök í því samhengi.	Saga - sagt frá völdum persónum, atburðum og tímabilum í sögunni.	Velferðar-samfélag - áttað sig á mikilvægi samhjálpar í samfélaginu.
Hugarfar - áttað sig á mikilvægi jákvæðra viðhorfa fyrir sjálfan sig.	Reglur - sýnt þekkingu á reglum í samskiptum og útskýrt tilgang þeirra.	Sögulegar heimildir - áttað sig á að ólíkar heimildir segja ólíka sögu.	Setja sig í spor annarra - sett sig í spor jafnaldra og fjölskyldumeðlima.
Áhrif sögu á samtímann - fjallað um atburði í sögunni í tengslum við samtímann.	Staðalmyndir - fjallað um ólíka einstaklinga og hópa í skóla- og nærsamfélaginu.	Sjálfsþekking - gert sér og öðrum grein fyrir hvar eigin styrkur og áhugi liggur.	Virðing - sýnt sjálfum sér og öðrum virðingu og sagt frá því hvernig það er hægt.
Kynjafraeði - bent á dæmi um fjölbreytni kynhlutverka og áhrif þeirra á sjálfsmyndina.	Sjálfbær þróun - nefnt dæmi um hvernig athafnir okkar hafa afleiðingar til framtíðar.	Mannréttindi - rætt um réttindi sín og skyldur og bekkir til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.	Geta til aðgerða - rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra og tekið þátt í samfélagsmálum.
Ábyrgð á náttúruvernd - gert sér grein fyrir mikilvægi sínu í umgengni um og vernd náttúrunnar.	Tilfinningar - áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, tilhlökkun, sorg og reiði.	Upplýsingalæsi - aflað sér upplýsinga um samfélagið úr völdum textum, hljóð- og myndefni og sagt frá efninu.	Áhrif trúarbragða - áttað sig á að trúar- og lífsviðhorf fólks birtast í mismunandi viðhorfum, siðum og venjum.
Lýðræðislegt samstarf - tekið þátt í samstarfi og sameiginlegum ákvörðunum í jafningjahópi og innan fjölskyldunnar.	Söguleg þróun - komið auga á þætti sem hafa haft áhrif á mannlífið í tímans rás, svo sem umhverfi og skipulag samfélaga.	Trúarbrögð - sagt deili á nokkrum frásögnum, helstu hátiðum og siðum kristni og annarra trúarbragða, einkum í nærsamfélaginu.	

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla eru hæfniviðmið í samfélagsgreinum sett fram í sex flokkum. Vinnulag samfélagsgreina sem á að vera gegnumgangandi í öllu námi og kennslu í námsgreininni, sjálfsmynd, siðferði og trú, borgaravitund, saga og jörðin okkar. Unnið er með þessi viðmið sem eina heild út skólaárið.

Kennsluefni og gögn

Bókin Komdu og skoðaðu himingeiminn. Landakortabækur og efni frá kennara. Við notum einnig bókina Ísland fyrr og nú. Unnið er með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Námsmat

Reglulega verður lagt mat á vinnu nemenda þ.e. frumkvæði, sköpun, tjáningu, hópavinnubrögð, vinnusemi, virkni og áhuga. Jafnframt verður stuðst við sjálfsmat. Unnið er út frá hæfniviðmiðum aðalnámskrá.

Enska

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 4. bekk

Samræður - tekið þátt í einföldum samræðum í skólastofunni.	Orðaforði - lesið og skilið stutta texta með grunnorðaförða daglegs lífs.	Óformlegt samtal - spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst.
---	---	--

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Tjáning - tjáð sig á einfaldan hátt um sjálfan sig og líf sitt.	Almenn samskipti - tekst á við aðstæður í skólastofunni í einföldum samskiptum.	Greining upplýsinga - hlustað eftir einföldum upplýsingum og nýtt sér í námi sínu.	Fjöl- og myndmiðlar - fylgt meginþæði í einföldu efni sem höfðar til barna og unglinga.
Málnotkun - byggt upp einfaldar setningar, stafsett algeng orð og notað algeng greinarmerki.	Samfelldur texti - skrifað einfaldan texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við.	Frásagnir og kynningar - skilið algeng orð, einföld fyrirmæli og frásagnir og brugðist við þeim.	Skyldleiki og afbrigði tungumála - sýnt að hann áttar sig á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir.

Samkvæmt aðalnámskrá skiptast hæfniviðmið fyrir ensku í eftirfarandi viðmið: hlustun og áhorf, lesskilning, samskipti og frásögn, ritun, menningarlausni og námshæfni. Unnið er með hvert viðmið fyrir

síga en einnig eru þau samþætt í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni. Unnið er með þessi viðmið út skólaárið.

Kennslufni og gögn

Yes we can (vinnubók) ásamt fjölbreyttum verkefnum frá kennara.

Námsmat

Metinn er frágangur, virkni og vinnubrögð í tímum. Könnun lögð fyrir á hvorri önn ásamt símati. Unnið er út frá hæfniviðmiðum aðalnámsskrá.

Lykilhæfni

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámsskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 4. bekk

Rökræða - útskýrt mál sitt með rökum.

Ígrundun - velt fyrir sér eigin námi og hvað hann langar að læra næst.

Gagnrýnin hugsun - bent á ólík sjónarhorn í fjölbreyttum viðfangsefnum.

Spyrjandi hugarfar - spurt spurninga til að hefja rannsókn á fjölbreyttum fyrirbærum.

Hæfniviðmið úr Aðalnámsskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Lært af mistökum - lært af mistökum sínum.

Samskipti - rædd um áhugamál sín og skoðanir.

Sköpun - unnið fjölbreytt verkefni á skapandi hátt.

Leiðsögn - tekið leiðsögn og endurgjöf á jákvæðan hátt.

Áreiðanleiki - skilið muninn á tilbúningi og raunveruleika.

Orðaforði - lært og notað ný orð til að ræða ólík viðfangsefni.

Sjálfsþekking - rædd um eigin styrkleika og þekkt hugarfar vaxtar.

Sjálfsþæði - sýnt frumkvæði í verkefnum og beðið um aðstoð eftir þörfum.

Samvinna - unnið með öðrum að verkefnum sem tengjast námi og félagsstarfi.

Markmiðasetning - sett sér viðráðanleg markmið og glaðst þegar þeim er náð.

Árangur og sjálfsþekking - skilið viðmið um árangur og til hvers er ætlast.

Tillitssemi - hlustað á aðra, sýnt tillitssemi og haldið sig við umræðufni.

Upplýsinga-öflun og miðlanotkun - gert greinarmun á skoðunum og staðreyndum.

Tjáning - tjáð tilfinningar og hugmyndir þannig að þær séu skiljanlegar öðrum.

Vandvirkni og nákvæmni - haft rétt eftir hvort sem um er að ræða tal eða texta.

Hæfniviðmið í lykilhæfni eru sett fram í fimm flokkum. Þ.e. tjáning og miðlan, skapandi og gagnrýnin hugsun, sjálfsþæði og samvinna, nýting miðla og upplýsinga og ábyrgð og mat á eigin námi. Unnið er með hvert viðmið fyrir sig en einnig eru þau samþætt í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni.

Kennslufni og gögn

Lykilhæfni er samofin öðrum námsgreinum.

Námsmat

Lykilhæfni er metin í verkefnum í öðrum námsgreinum. Hæfniviðmið lykilhæfninnar eru sett inn í verkefni í öðrum námsgreinum og metin með einstaklingsvinnu og/eða hópvinnu.

Heimilisfræði

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 4. bekk

Lífshættir - tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti.

Næring - valið hollan mat og útskýrt áhrif hans á líkama og líðan.

Kolefnis-spor - gert sér grein fyrir mismunandi kolefnisspori matvæla.

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Matreiðsla - útbúið einfaldar og hollar máltíðir með aðstoð.

Vinnuvernd - gert sér grein fyrir helstu hættum sem fylgja vinnu í eldhúsi.

Umhverfi - sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í einfalt samhengi við sjálfbærni.

Vinnubrögð - farið eftir einföldum uppskriftum og notað til þess einföld mæli- og eldhúshöld og sinnt viðeigandi frágangi.

Í heimilisfræði má finna tengingu á milli næringarfræði, matreiðslu og hreinlætis. Því er kennslan samþætt með verkefnum sem hafa tengsl við ofangreind hæfniviðmið en opinberar ráðleggingar (Lýðheilsustöðvar/Landlæknis) eru hafðar til hliðsjónar. Nemendur fá kennslu í grunnþáttum heimilisfræðinnar s.s þjálfun á hreinlæti og umgengni, þjálfun í mælieiningum og hvernig á að nota þær ásamt ýmsum áhöldum er tengjast matreiðslu. Í kennslueldhúsi fá nemendur þjálfun að elda og baka eftir ýmsum uppskriftum bæði bók og uppskriftir frá kennara. Þá læra nemendur um ýmiss næringarefni sem tilheyra fæðuhringnum, velja sér hollan mat og að gera sér grein fyrir mismunandi kolefnisspor matvæla.

Kennslufni og gögn

Heimilisfræði 4 ásamt efni af vef og bækur frá kennara. Ýmis áhöld og hráefni úr kennslueldhúsi.

Námsmat

Nemendur eru metnir út frá hæfniviðmiðum og matsviðmiðum Aðalnámskrá grunnskóla. Námsmat er á formi símats á einstaklings- og hópverkefna í tímum.

Hönnun og smíði

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 4. bekk

Hugbúnaður - hannað einfaldan hlut í því miðum hugbúnaði.

Tæknilæsi - bent á ýmis tæknifyrirbrigði er tengjast daglegu lífi.

Samfélag - greint einfaldar þarfir í umhverfi sínu og rætt nokkrar lausnir.

Umhverfissvitund - valið efni út frá umhverfissjónarmiðum og sagt frá kostum þess að nota efni úr nærumhverfi.

Orka og tækni - sagt frá orkugjöfum sem nota má í smíðaverkefnum og nýtt virknipætti í smíðisgripum, svo sem vogarafl, gorma og teygjur.

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Smíðaaðferðir - framkvæmt nokkrar aðferðir til festinga.

Endurnýting - sýnt góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með.

Vinnuvernd - beitt líkamanum rétt við vinnu sína og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaðar.

Vinnuferli - unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit.

Efnisval - þekkt almenn smíðaeefni og á einfaldan hátt útskýrt notkun og eiginleika þeirra.

Verkfæri - þekkt algengustu verkfæri í trésmíði og útskýrt á einfaldan hátt virkni þeirra.

Vinnuteikning - dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar.

Kennsla í hönnun og smíði á að taka mið af hæfileikum og getu einstaklingsins og stuðla að jákvæðu viðhorfi til greinarinnar. Hönnun felur í sér að einstaklingur mótar og ákveður útlit og uppbyggingu hlutar á eigin hátt. Það getur falið í sér að endurgera eða breyta hugmynd eða hlut, t.d með tilliti til

útlits eða virkni eða vinna með eitthvað nýtt og áður óþekkt. Í hönnunarkennslu lærir nemandinn að vera skapandi og hafa mótandi áhrif á umhverfi sitt.

Kennsluefni og gögn

Gögn og áhöld frá kennara.

Námsmat

Mat á hæfniviðmiðum út frá verkefnum og vinnu í tíma.

Sjónlistir

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 4. bekk

Vinnuferli - útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að myndverki.

Hugmyndavinna - unnið út frá kveikju við eigin listsköpun, bæði í tví- og þrívíðu formi.

Stefnur og straumar - þekkt og gert grein fyrir völdum verkum íslenskra listamanna, lýst þeim og greint á einfaldan hátt yrkisefnið og þær aðferðir sem beitt var við sköpun verksins.

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Umfjöllun og endurgjöf - fjallað um eigin verk og annarra.

Tilgangur og samhengi - skilið mismunandi tilgang myndlistar og hönnunar.

Aðferðir og nálgun - greint að einhverju leyti á milli mismunandi aðferða við gerð listaverka.

Hugtök - þekkt hugtök og heiti sem tengjast frumbáttum og lögmálum myndlistar við vinnu verkefna hverju sinni.

Útfærsla og tækni - nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar.

Í myndmennt læra nemendur að tjá sig án orða. Þeir geta ýmist unnið á gagnrýninn hátt með málefni daglegs lífs eða með ímyndunaraflíð. Slík reynsla veitir nemendum forsendur til að læra að þekkja sjálfa sig bæði í tengslum við náttúruna og efnisheiminn. Skilningurinn verður bæði almennur og persónulegur, byggður á rannsóknum á raunveruleikanum og töfrum ímyndunaraflsins.

Kennsluefni og gögn

Ýmis áhöld og efni myndmenntarstofunnar. Ljósrit af verkefnum sem henta myndmenntarkennslu. Skjávarpi, bækur og ljósrit.

Námsmat

Nemendur eru metnir út frá hæfniviðmiðum aðalnámskrár grunnskólanna. Námsmat er í formi símats þar sem vinna, verkefni og umræður í tíma eru metnar. Nemendur eru einnig metnir út frá þátttöku og virkni í kennslustundum. Námsmat er einnig í formi einstaklings- og hópverkefna í tímum.

Textílmennt

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 4. bekk

Miðlar - nýtt ýmsa miðla til að afla einfaldra hugmynda.

Menning - greint nokkur einkenni íslensks handverks í textílvinnu.

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Vinnuvernd - beitt líkamanum rétt við vinnu sína.

Merkingar - gert grein fyrir nokkrum tegundum textílefna.

Efnisfræði - fjallað um íslenskt hráefni og unnið með það á einfaldan hátt.

Textílmennt þjálfar nemendur í fínhyrningum, samvinnu og eflir þrautseigju og elju. Hvernig við umgöngumst vinnustað og tæki hans. Unnin eru fjölbreytt verkefni þar sem nemendur fá tækifæri til að njóta sín og tjá sig með efnisvali eða skreytingum á verkefnum.

Kennsluefni og gögn

Bækur og gögn frá kennara.

Námsmat

Nemendur eru metnir út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskólanna. Námsmat er í formi sí mats þar sem vinna, verkefni og umræður í tíma eru metnar. Nemendur eru einnig metnir út frá þátttöku og virkni í kennslustundum. Nemendur sýna öðrum virðingu og góða framkomu í tímum.

Tónmennt

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 4. bekk

Stafrænar tónsmíðar - notað tónlistarforrit til að semja stutt verk.

Endurgjöf - rædd um eigin tónlist og samnemenda út frá smekk og upplifun.

Grafísk nótnaskrift - samið eigið verk og skráð með grafískri nótnaskrift.

Tónlistarstílar og menning - greint ólíkar raddir og einföld stílbrigði í tónlist.

Hljóma- og laglínuhljóðfæri - leikið þrástef og einfaldar laglínur á skólahljóðfæri eða annað hljóðfæri í samspili.

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Mat á tónlist - myndað sér skoðun á tónlist sem hann heyrir.

Söngur og raddnotkun - beitt rödd sinni og tekið þátt í söng.

Takthljóðfæri - leikið einfaldan hryn á takthljóðfæri í samspili.

Hæfniviðmið

Tónmennt er mikilvægur þáttur í lífi nemenda. Hún er leið til sköpunar, tjáskipta og oft án orða. Tónlistarkennsla á að efla næmi nemenda og þekkingu á frumþáttum tónlistar s.s. tónhæð, tónlengd, blæ og styrk svo eitthvað sé nefnt. Nemendur fá að kynnast mismunandi hljóðfærum og fjölbreyttri tónlist og tengingu hennar við líf og starf með ólíkri og lifandi nálgun. Þau fá tækifæri til þess að láta ljós sitt skína, tjá tilfinningar og hafa gaman.

Kennsluefni og gögn

Ýmsar bækur, gögn og verkefni frá kennara.

Námsmat

Símat á virkni, framförum, samvinnu og skilningi nemenda á viðfangsefni kennslustunda.

Skólaíþróttir

Hæfniviðmið íþróttir

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 4. bekk

Líffræðiþekking - þekkt helstu líkamshluta.	Heilsuefning - þekkt hvað felst í heilsuefandi lífni.	Markmiðasetning, íþróttir - sett sér einföld markmið í íþróttum.	Markmiðasetning, heilsurækt - sett sér einföld markmið í heilsurækt.
Markmiðasetning, hreyfifærni - nýtt sér niðurstöður úr stöðluðum prófum til að vinna að bættri hreyfifærni.			

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Virkni - tekið þátt í leikjum.	Liðleiki - gert almennar liðleikaæfingar.	Taktur - gert einfaldar rytmískar æfingar.	Skyndihjálp - gert viðvart ef óhapp verður.
Stöðluð próf - tekið þátt í stöðluðum prófum.	Þol - gert æfingar sem reyna á þol í íþróttum.	Heilsurækt - tekið þátt í heilsurækt í nærumhverfi.	Virkni - sýnt virkni og vinnusemi í æfingum og leikjum.
Styrkur - gert æfingar sem styrkja hreyfifærni líkamans.	Háttvísi - skilið mikilvægi leikreglna og farið eftir þeim.	Hópiþróttir - tekið þátt í boltaleikjum og sýnt boltafærni.	Öryggisreglur - þekkt til helstu öryggisreglna í skólaíþróttum.
Leikreglur - skilið einfaldar leikreglur og tekið þátt í leikjum.	Hreinlæti - skilið mikilvægi hreinlætis í tengslum allar við íþróttir.	Mælingar - gert einfaldar mælingar og talningar í leikjum eða æfingum.	Samhæfing - gert hreyfingar sem styðja við samhæfingu hægri og vinstri.
Einstaklingsíþróttir - tekið þátt í æfingum með áherslu á mótun hreyfiproska.	Tilfinningar - skilið þær tilfinningar sem fylgja því að vinna og tapa í leik.	Útivistarbúnaður - skilið gildi viðeigandi fatnaðar og búnaðar til útivistar og notkunar hans.	Útivist - tekið þátt í skipulagðri útivist í náttúrunni og áttað sig á og varast hættur sem fylgt geta.

Hæfniviðmið sund

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 4. bekk

Þolsund - gert æfingar sem reyna á þol í 100 metra sundi.

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Heilsuefning - notið sín í vatni.	Björgunarsund - bjargað sér í vatni.	Kafsund - synt 5 metra kafsund viðstöðulaust.	Skriðsund - synt 12 metra skriðsund með eða án hjálpartækja.
Bringusund - synt 12 metra bringusund með eða án hjálpartækja.	Sprettisund - gert æfingar sem reyna á loftfirrt þol í 8 metra sundi.	Fjölbreyttar undaðferðir - tekið þátt í fjölbreyttum leikjum í vatni.	Baksund - synt 12 metra skólakund með eða án hjálpartækja.

Í Aðalnámskrá eru hæfniviðmiðin sett fram undir fjórum mismunandi flokkum; líkamsvitund, leikni og afkastageta mynda þann fyrsta, síðan félagslegir þættir, þá beiting þekkingar varðandi heilsu og að síðustu öryggisþættir. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni.

Kennslufni og gögn

Stór og smá áhöld til sund- og íþróttaiðkunar. Nemendum er skylt að koma með leikfimis- og sundfatnað.

Námsmat

Nemendur eru metnir út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskólanna. Námsmat er á formi símats, þar sem nemendur taka próf og leysa fjölbreytt verkefni í hópi eða sem einstaklingar. Einnig

eru nemendur metnir út frá þátttöku og virkni í kennslustundum. Nemendur þurfa að sýna öðrum virðingu og góða framkomu. Metið er frumkvæði nemandar, hæfni þeirra til að nota þekkingu og leikni í tímum.

Upplýsinga- og tæknimennt

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 4. bekk

Kynningarefni - nýtt hugbúnað við gerð einfaldra kynninga.	Stafrænn stuðningur - nefnt dæmi um einfaldan stafrænan stuðning í námi.	Greining og úrvinnsla gagna - greint muninn á fræðilegu efni og skáldskap.	Vinnsla tölulegra gagna - nýtt hugbúnað við framsetningu á einföldum tölulegum gögnum.
Heimildanotkun - þekkt að höfundarréttur gildir um fjölbreytt efni og unnið með heimildir á einfaldan hátt.	Varðveisla gagna - gert sér grein fyrir því að í sumum hugbúnaði þarf að vista gögn til að varðveita vinnuna.	Tölvur og snjalltæki - þekkt mismunandi tegundir tölva, snjalltækja og helstu jaðartæki og nýtt til menntunar.	Stafrænt fótspor og auðkenni - lýst á einfaldan hátt hugtakinu stafrænt fótspor, skilið hvernig það verður til og hvert sé samspil þess og netnotkunar.

Samskipta-reglur, orðræða og virðing í stafrænum samskiptum - þekkt hugtakið neteinelti og einfaldar reglur í samskiptum og myndbirtingum á netinu og þekkt leiðir til að vernda sig og aðra fyrir neteinelti.

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Ritvinnsla - nýtt hugbúnað við uppsetningu einfaldra ritunarverkefna.	Upplýsingaleit - leitað að og valið viðeigandi upplýsingar og stafrænt efni.	Fríðhelgi og öryggi - útskýrt á einfaldan hátt hvað persónuupplýsingar eru og hverju má og má ekki deila í stafrænu umhverfi.	Virðing í stafrænu umhverfi - gert sér grein fyrir mikilvægi þess að leita til fullorðinna ef hætta eða áreiti skapast á netinu.
Jafnvægi í stafrænni notkun og velliðan - beitt góðri líkamsstöðu við notkun stafrænnar tækni og útskýrt muninn á jákvæðum og neikvæðum skjá tíma og sagt frá hvernig notkun stafrænna miðla getur haft áhrif á liðan.			

Í upplýsinga- og tæknimennt læra nemendur að umgangast þann tæknibúnað sem skólinn býr að og hvernig nota skal tæknina. Nemendur læra að vera stafrænir samfélagsþegnar og læra þannig um þær jákvæðu hliðar hins stafræna heims sem og hættur sem þar geta leynst.

Kennsluefni og gögn

Kennsluefni er tengt hæfniviðmiðum og unnið samkvæmt þeim. Nemendur nýta tölvur í tölvuveri og vinna mest allt gegnum í Microsoft Office og þeim forritum sem fylgja því. Einnig er mikið unnið á netvöfrum s.s. Google og Microsoft Edge, svo og teikni- og myndaforrit ýmiskonar.

Námsmat

Nemendur eru metnir út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskólanna. Námsmat er í formi sí mats þar sem vinna og verkefni í tíma eru metnar. Nemendur eru einnig metnir út frá þátttöku og virkni í kennslustundum. Námsmat er einnig í formi einstaklings- og hópverkefna í tímum.

Fjölval

Kennslulýsing: Nemendum á yngsta stigi er skipt í hópa þvert á árganga. Í þessum hópum er brotið upp hefðbundið skólastarf og leitast eftir að hafa fjölbreytt viðfangsefni fyrir hvern hóp. Hóparnir byrja á því að fara einu sinni á hverja stöð og að því loknu geta nemendur valið sér stöð vikulega.

Kennsluefni og gögn

Hver kennari útvegar efni og kennslugögn fyrir sína stöð. Stöðvar eru m.a. leir, einingakubbar, tölvur, kahoot, enska, félagsfærni, ýmsir leikir og föndur.

Markmið:

- Að nemendur öðlist reynslu í starfi með ólíkum aldurshópum.
- Að viðfangsefni verði fjölbreytt og við hæfi allra nemenda.
- Að virkja áhuga og vinnusemi nemenda.
- Að nemendur öðlist nýja sýn á skólastarfið þar sem nýbreytni er ríkjandi.

Þannig er stuðlað að eftirfarandi þáttum í lykilhæfni aðalnámskrá grunnskóla, að nemandi við lok 4. bekkjar geti:

- hlustað á aðra, sýnt tillitssemi og haldið sig við umræðuefni.
- unnið fjölbreytt verkefni á skapandi hátt.
- bent á ólík sjónarhorn í fjölbreyttum viðfangsefnum.
- rædd um eigin styrkleika og þekkt hugarfar vaxtar.
- rædd um áhugamál sín og skoðanir.